

Landsframleiðslan 2003 – bráðabirgðatölur

Gross Domestic Product 2003 – preliminary data

Samantekt

Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar yfir þjóðhagsreikninga á árinu 2003 varð landsframleiðslan 811 milljarðar króna, 4,4 milljörðum hærri fjárhæð en áætlað var í mars síðastliðnum. Mestu munar um meiri tekjur af útfluttri þjónustu en hún reyndist 3,4 milljörðum meiri en áður var talið en aðrir liðir hafa ýmist hækkað eða lækkað.

Að raungildi óx landsframleiðslan um 4,3% í stað 4,0% í áætlun frá því í mars. Vöxturinn var borinn uppi af einkaneyslu, sem óx um 6,6% að raungildi, og fjárfestingu sem óx um 17,6%. Samneysla er talin hafa aukist um 3,3%. Þjóðar-útgjöldin uxu því langt umfram landsframleiðsluna eða um 8,0% og leiddi það til verulegs halla á vöru- og þjónustuviðskiptum við útlönd. Hallinn nam tæpum 24 milljörðum króna, 2,9% af landsframleiðslu.

Einkaneysla sem hlutfall af landsframleiðslu varð 55,5% á liðnu ári, nokkru hærra en undanfarin tvö ár, en í sögulegu samhengi er þetta hlutfall ekki í hámarki. Aftur á móti varð samneyslan 26,3% af landsframleiðslu og hefur þetta hlutfall ekki verið hærra í annan tíma.

Hagvöxtur 4,3% á árinu 2003

Hagstofan birtir nú bráðabirgðatölur yfir þjóðhagsreikninga á árinu 2003 og koma þær í stað áætlana frá því í mars síðastliðnum. Samhliða þessum bráðabirgðatölum hafa tölur nokkurra fyrri ára hníkast lítið eitt til eftir því sem fyllri heimildir liggja fyrir. Bráðabirgðatölurnar sýna að landsframleiðslan á liðnu ári varð tæpir 811 milljarðar króna en það er 31 milljarði eða 4,0% hærri fjárhæð en árið áður. Að teknu tilliti til verðbreytinga óx landsframleiðslan að raungildi um 4,3% en hafði árið áður dregist saman um 0,5% eftir 2,2% vöxt á árinu 2001. Bráðabirgðatölurnar nú sýna nokkru meiri hagvöxt á árinu 2003 en áætlunin frá því í mars síðastliðnum, en þá var talið að hagvöxturinn á árinu 2003 hafi orðið 4,0%.

Breytingin skýrist einkum af meiri aukningu á útfluttri þjónustu en reiknað var með í marstölunum, einkaneysla er einnig lítið eitt meiri en á móti kemur nokkru minni fjárfesting en áður var talið.


Minni vöxtur þjóðartekna

Við mat á afkomu þjóðarbúsins eru þjóðartekjur ekki síður áhugaverð stærð en landsframleiðslan þar sem í þeim er tekið tillit til breytinga á viðskiptakjörum þjóðarbúsins gagnvart útlöndum og til streymis launa- og eignatekna til og frá útlöndum (að stærstum hluta vaxta- og arðgreiðslur). Á árinu 2003 versnuðu viðskiptakjör sem nam 0,8% af landsframleiðslu fyrra árs. Bæði verð á útfluttum og innfluttum vörum lækkaði í íslenskum krónum, útflutningur þó sínu meira eða um tæp 10% en vöruinnflutningur um tæp 3%. Lækkunin skýrist að hluta af því að verð á erlendum gjaldeyri lækkaði um 6,1% frá fyrra ári, þ.e. krónan styrktist.



Mynd 1. Vöxtur landsframleiðslu

Figure 1. GDP growth rate




Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2003. Preliminary data 2003.

Nýjar tölur frá Seðlabankanum sýna að verulega hefur dregið úr nettóstreymi launa- og eignatekna til útlanda á árunum 2002 og 2003 frá því sem áður var talið. Skýringin er sú að vaxtatekjur og arður frá útlöndum er nú talinn um 10 milljörðum meiri bæði á árinu 2002 og 2003 en áður var áætlað. Þjóðartekjur hækka sem þessu nemur bæði árin. Að raungildi eru þjóðartekjur á árinu 2002 nú taldar hafa vaxið um 2,1% í stað 0,6% samkvæmt fyrri tölum. Á árinu 2003 uxu þjóðartekjur um 2,7% í stað 2,6% í fyrri áætlun.

Mynd 2. Magnvísitala landsframleiðslu og þjóðartekna

Figure 2. GDP and GNI, volume indices




Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2003. Preliminary data 2003.

Einkaneysla og fjárfesting bera
uppi hagvöxtinn

Vöxt landsframleiðslunnar á liðnu ári má öðru fremur rekja til aukningar einkaneyslu og fjármunamyndunar en á móti vegur að nokkru aukinn innflutningur. Að þessu leyti svipar þróuninni til áhranna 1998 og 1999 en á árinu 2001 var hagvöxturinn aftur á móti drifinn áfram af miklum vexti útflutnings.

Mynd 3. Hlutdeild einstakra liða í hagvexti

Figure 3. Contribution to growth by expenditure items




Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2003. Preliminary data 2003.

Á árinu 2003 óx einkaneysla um 6,6% eftir samdrátt á árunum 2002 og 2001 en 4% vöxt á árinu 2000 og 10% og 7% vöxt á árunum 1998 og 1999. Þrátt fyrir mikinn vöxt á liðnu ári varð einkaneyslan þó ekki nema 1½% meiri þá en hún hafði mest orðið áður, það er á árinu 2000. Þegar litið er yfir lengra tímabil hefur vöxtur einkaneyslunnar haldist í hendur við vöxt landsframleiðslunnar og hefur hvor þessara liða um sig vaxið um 38% að raungildi frá árinu 1990. Á sama tíma hefur íbúafjöldinn vaxið um 13½% þannig að landsframleiðslan á mann hefur vaxið um röskan fimmtung. Á árunum 1998 til 1999 óx einkaneyslan talsvert umfram landsframleiðsluna en þessi breyting gekk til baka næstu þrjú ár þar á eftir.

Mynd 4. Magnvísitala einkaneyslu og landsframleiðslu

Figure 4. Private final consumption and GDP, volume indices



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2003. Preliminary data 2003.

Einkaneysla 56% af
landsframleiðslu

Hlutfall einkaneyslu af landsframleiðslu reyndist vera 55,5% á árinu 2003 og er það nokkur hækkun frá undanfarandi tveimur árum. Í sögulegu samhengi er þetta

hlutfall ekki í hámarki því undanfarinn rúman áratug hefur það iðulega verið á bilinu 57–59%. Í töflu 3 er sýnd samsetning einkaneyslunnar eftir útgjaldaflokkum undanfarin þrjú ár og önnur þrjú ár frá fyrri áratugum til samanburðar. Þar kemur meðal annars fram hve vægi mat- og drykkjarvöru hefur minnkað í útgjöldum heimilanna. Það var 31% á árinu 1970 en er nú komið niður í 22%. Þá hefur vægi fatnaðar nærri helmingast. Á móti kemur að útgöld til tómstundaiðu og skemmtana hafa nær tvöfaldast í vægi og útgjöld erlendis hafa vaxið enn meira.

Samneysla 26 % af landsframleiðslu


Samneyslan óx um 3,3% á liðnu ári og er það svipað og undanfarin ár. Sem hlutfall af landsframleiðslu var samneyslan 26,3% og hefur hlutfallið ekki í annan tíma verið hærra. Í töflu 8 er sýnt yfirlit yfir tekjur og gjöld hins opinbera í heild 1998–2003 með líkum hætti og áður. Frá og með marstölum 2004 var þó sú breyting gerð að sala hins opinbera á vörum og þjónustu, sem áður var dregin frá gjöldum, er nú færð sem tekjur. Þessi breyting er gerð aftur til ársins 1980. Af því leiðir að umsvif hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu mælast hærri en áður. Þetta er gert til samræmis við þær aðferðir sem OECD og fleiri alþjóðastofnanir hafa tekið upp við framsetningu á hagtolum af þessu tagi og samanburð milli landa.

Kröftugur vöxtur í atvinnuvegafjárfestingu

Á árinu 2003 óx fjárfesting í heild um 17,6% eftir 15,1% samdrátt á árinu 2002 og 7,6% samdrátt á árinu 2001. Þessi tvö samdráttarár einkenndust einkum af verulegum samdrætti í fjárfestingu atvinnuvega og nokkrum samdrætti í fjárfestingu á vegum hins opinbera. Hins vegar óx fjárfesting í íbúðarhúsnæði bæði árin. Að sama skapi varð uppsveiflan kröftugust í atvinnuvegafjárfestingu á liðnu ári en hún óx að raungildi um 26,1%. Þar er helst að geta framkvæmda í orkubúskap sem námu um 25 milljörðum króna á árinu, samanborið við tæpa 16 milljarða árið áður. Fjárfesting á vegum hins opinbera var svipuð og árið áður eftir nokkurn samdrátt tvö árin þar á undan. Enn sem komið er, eru tölur um fjárfestingu atvinnuveganna á árinu 2003 að nokkru byggðar á áætlunum. Ástæðan er sú að niðurstöður úr samræmdu skattframtali rekstraraðila vegna ársins 2003 liggja ekki fyrir fyrr en síðar á þessu ári. Fjárfestingin verður þá endurskoðuð og mun koma inn í þjóðhagsreikninga í marsútgáfunni 2005 samhliða fyrstu áætlunum fyrir árið 2004.

Mynd 5. Magnvísitala fjármunamyndunar og helstu undirliða

Figure 5. Gross fixed capital formation, volume indices by main components




Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2003. Preliminary data 2003.

Þjóðarútgjöld aukast langt umfram landsframleiðslu

Þjóðarútgjöldin, sem eru samtala neyslu og fjárfestingar, jukust um 8,0% að raungildi á liðnu ári eftir 3–4% samdrátt bæði 2001 og 2002. Þessari miklu aukningu þjóðarútgjalda var að verulegum hluta mætt með mikilli aukningu innflutnings sem óx um 9,7%. Útflutningur dróst aftur á móti saman um 0,3% og í heild óx landsframleiðslan um 4,3% eins og áður segir.

Mynd 6. Magnbreyting þjóðarútgjalda og landsframleiðslu

Figure 6. GDP and Domestic final expenditure, annual growth rate




Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2003. Preliminary data 2003.

Mikilvægi einstakra atvinnugreina

Landsframleiðslan hefur hér verið metin með því að meta útgjöld þjóðarbúsins, þ.e. neyslu og fjárfestingu að teknu tilliti til viðskipta við útlönd. En framleiðsluna er einnig unnt að meta með beinum hætti í einstökum atvinnugreinum. Í töflu 7 eru sýndar niðurstöður slíks mats fyrir tímabilið 1998–2003 en þar kemur fram mikilvægi einstakra atvinnugreina í myndun landsframleiðslunnar. Í töflu 6 eru sýndar magnvísitölur framleiðslunnar í sömu skiptingu á atvinnugreinum. Þar kemur meðal annars fram að á liðnu ári varð mestur vöxtur í byggingarstarfsemi og verslun og veitingarekstri og má rekja nærfelld helming hagvaxtarins til þessara greina.

Mynd 7. Hlutfall launa og rekstrarafgangs af landsframleiðslu

Figure 7. The share of labour and capital in GDP



Skýring Note: Áætlun fyrir árin 2002 og 2003. Estimated data for 2002 and 2003.

Hlutur vinnuafis og fjármagns


Framleiðsluna í skilningi þjóðhagsreikninga má líta á sem samtölu þess sem launþegar bera úr bótum annars vegar og fjármagnið og einyrkjar hins vegar. Á árinu 2003 er talið að í hlut launþega hafi komið 68–69% af því sem til skiptanna var en fjármagnið og einyrkjar hafi borið úr bótum 31–32%. Launahlutfallið á árinu 2003 var nánast óbreytt frá árinu áður og í sögulegu samhengi er það hátt.

Hagvöxtur meiri á Íslandi en í OECD ríkjum

Öll árin 1996–2001 var hagvöxtur meiri á Íslandi en í OECD ríkjum í heild. Samdráttur varð hins vegar hér á landi á árinu 2002 um 0,5% en 1,7% vöxtur hjá OECD ríkjum í heild. Áætlanir OECD benda til þess að á árinu 2003 hafi orðið 2,2% hagvöxtur í aðildarríkjum í heild samanborið við 4,3% vöxt á Íslandi. Miklar sveiflur hafa einkennt hagþróunina á Íslandi og framan af tíunda áratugnum var vöxturinn hér á landi til muna lægri en í OECD ríkjum í heild. En lítið yfir allt tímabilið 1990–2003 þá reyndist árlegur meðalvöxtur sá sami á Íslandi og í OECD ríkjum eða 2½%.

Mynd 8. Hagvöxtur á Íslandi og í OECD ríkjunum

Figure 8. GDP annual growth rate in Iceland and OECD



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2003. Preliminary data 2003.

Fjármunaeign

Hagstofan hefur nýverið lokið endurmati á fjármunaeign þjóðarbúsins 1997–2003 og birti þær tölur í sérstöku hefti Hagtíðinda í ágúst síðastliðnum. Þetta endurmat leiddi til nokkurrar lækkunar á afskrift fjármunaeignar öll árin 1997–2003. Sú lækkun leiddi til þess að hreinar þjóðartekjur hækkuðu þar sem þær eru mismunur vergra þjóðartekna og afskrifta. Aftur á móti breyttist hvorki verg landsframleiðsla né vergar þjóðartekjur af þessum sökum en það eru þau hugtök sem alla jafna er miðað við, nema annars sé getið.

Ítarlegra talnaefni á netinu,
næsta endurskoðun í mars
2005

Auk þess talnaefnis sem hér birtist í Hagtíðindum, má vísa til ítarlegs talnaefnis á heimasíðu Hagstofunnar. Þar er að finna langar tímaraðir um flesta þætti þjóðhagsreikninga. Þær tölur um árið 2003 sem hér birtast, verða næst endurskoðaðar í mars 2005 og munu þá verða birtar samhliða fyrstu áætlunum fyrir árið 2004.

English summary

Statistics Iceland now releases the preliminary annual national accounts for 2003 replacing provisional data of March 2004. The present figures show Gross Domestic Product (GDP) in 2003 amounting to 811 billion ISK. In real terms, GDP grew at a rate of 4.3% after a negative growth rate of 0.5% in the year before. Due to unfavourable developments of the terms of trade vis-à-vis other countries, the rate of growth of Gross National Income (GNI) was a little lower or 2.7%.

The growth in GDP during the last year can mainly be explained by more than 6% growth in household final consumption and 18% growth in fixed capital formation. This was mainly offset by a considerable growth in imports of goods and services which increased by almost 10% in real terms with the consequences that the balance on goods and services became negative by almost 24 billion ISK, 2.9% of GDP. The growth in domestic final expenditure turned out to be 8% in real terms exceeding the GDP growth rate by a large margin.

Private final consumption as a percentage of GDP was almost 56% in 2003. This was a little higher than in the previous two years but in an historical perspective this ratio has quite often been higher and reached the level of 57-59% during the last decade. On the other hand, government final consumption as a percentage of GDP was higher than ever before or 26.3%.

The growth in fixed capital formation was led by a growth in industrial investment of 26% after almost a similar reduction in the year before. The growth was the result of large investments in electric power generations.

In recent years the share of labour in GDP has amounted to 68-69% as compared with 31-32% share of capital. Historically the labour share is relatively high.

Tafla 1. Landsframleiðsla og þjóðartekjur 1998–2003

Table 1. Gross Domestic Product and Gross National Income 1998–2003

Milljónir króna á verðlagi hvers árs Million ISK at current prices	1998	1999	2000	2001	2002	2003 ¹
1. Einkaneysla <i>Private final consumption</i>	326.283	358.854	389.757	408.356	419.148	449.998
2. Samneysla <i>Government final consumption</i>	127.752	142.430	157.934	176.656	198.869	213.627
3. Fjármunamyndun <i>Gross fixed capital formation</i>	140.163	137.493	159.436	165.471	145.567	172.430
4. Birgðabreytingar <i>Changes in inventories</i>	906	120	2.494	-2.084	-182	-1.501
5. Þjóðarútgjöld alls <i>Gross domestic final expenditure</i>	595.104	638.896	709.621	748.399	763.402	834.553
6. Útflutningur alls <i>Exports of goods and services</i>	204.214	212.166	231.632	303.067	308.802	287.811
6.1 Vörur, fob <i>Goods, fob</i>	136.592	144.928	149.272	196.582	204.303	182.580
6.2 Þjónusta <i>Services</i>	67.622	67.238	82.360	106.485	104.499	105.231
7. Frádráttur: Innflutningur alls <i>Less: Imports of goods and services</i>						
	230.055	241.482	278.637	307.279	292.909	311.520
7.1 Vörur, fob <i>Goods, fob</i>	161.611	167.310	186.752	202.518	190.221	198.481
7.2 Þjónusta <i>Services</i>	68.444	74.172	91.885	104.761	102.688	113.039
8. Verg Landsframleiðsla <i>Gross Domestic Product</i>	569.263	609.580	662.616	744.187	779.295	810.844
9. Launa- og eignatekjur frá útlöndum, nettó <i>Primary incomes received from abroad</i>	-12.647	-12.567	-19.353	-24.949	-8.132	-7.966
10. Vergar þjóðartekjur <i>Gross National Income</i>	556.616	597.013	643.263	719.238	771.163	802.878
11. Viðskiptajöfnuður án rekstrarframlaga <i>Balance on current account</i>	-38.488	-41.883	-66.358	-29.161	7.761	-31.675
11.1 Vöruskiptajöfnuður fob/fob <i>Balance on goods</i>	-25.019	-22.382	-37.480	-5.936	14.082	-15.901
11.2 Þjónustujöfnuður fob/fob <i>Balance on services</i>	-822	-6.934	-9.525	1.724	1.811	-7.808
11.3 Launa- og eignatekjur frá útlöndum, nettó <i>Balance on primary income from abroad</i>	-12.647	-12.567	-19.353	-24.949	-8.132	-7.966

¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary data.**Tafla 2. Raunbreyting landsframleiðslu og þjóðartekna 1998–2003**

Table 2. Volume changes in Gross Domestic Product and Gross National Income 1998–2003

Raunbreyting frá fyrra ári, % ¹ Volume changes on previous year, % ¹	1998	1999	2000	2001	2002	2003 ²
1. Einkaneysla <i>Private final consumption</i>	9,9	7,3	4,0	-3,8	-1,0	6,6
2. Samneysla <i>Government final consumption</i>	3,4	4,9	4,4	3,1	4,1	3,3
3. Fjármunamyndun <i>Gross fixed capital formation</i>	32,8	-3,0	14,8	-7,6	-15,1	17,6
5. Þjóðarútgjöld alls <i>Gross domestic final expenditure</i>	13,4	4,2	6,9	-4,2	-2,8	8,0
6. Útflutningur alls <i>Exports of goods and services</i>	2,2	4,0	5,0	7,7	3,6	0,3
6.1 Vörur, fob <i>Goods, fob</i>	-2,6	7,1	-1,3	7,2	6,6	-1,2
6.2 Þjónusta <i>Services</i>	13,8	-2,5	19,3	8,6	-1,9	3,3
7. Frádráttur: Innflutningur alls <i>Less: Imports of goods and services</i>						
	23,4	4,2	8,0	-9,0	-2,5	9,7
7.1 Vörur, fob <i>Goods, fob</i>	24,3	3,2	2,8	-10,0	-3,4	7,3
7.2 Þjónusta <i>Services</i>	21,2	6,9	21,5	-6,9	-0,8	14,5
8. Verg Landsframleiðsla <i>Gross Domestic Product</i>	5,5	4,2	5,7	2,2	-0,5	4,3
10. Vergar þjóðartekjur <i>Gross National Income</i>	7,8	4,0	3,7	1,9	2,1	2,7

¹ Raunbreytingar eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1990. Volume changes are based on 1990 prices.² Bráðabirgðatölur. Preliminary data.

Tafla 3. Einkaneysla 1970–2003*Table 3. Household final consumption expenditure 1970–2003*

	1970	1980	1990	2001	2002	2003 ¹
Verðlag hvers árs, millj. kr. Million ISK at current prices						
Matur, drykkjarvara og tóbak <i>Food, beverages and tobacco</i>	83,0	2.298	55.998	90.443	95.155	95.468
Fatnaður <i>Clothing and footwear</i>	28,1	850	17.779	23.844	22.693	23.153
Húsnæði, ljós og hiti <i>Gross rent, fuel and power</i>	46,4	1.889	38.597	69.774	75.194	82.459
Húsgögn, húsbúnaður, heimilishald og heimilistæki <i>Furniture, furnishings and household equipment and operation</i>	28,7	1.176	16.783	29.352	29.322	31.148
Lyf og læknishjálp <i>Medical care and health expenses</i>	7,3	118	3.877	11.995	12.743	13.551
Flutningatæki og samgöngur <i>Transport and communication</i>	37,6	1.390	25.450	52.550	53.986	63.036
Tómstundaiðja, skemmtanir, menntun og menningarmál <i>Recreation, entertainment, education and culture</i>	17,0	687	21.789	46.128	47.100	49.589
Ýmsar vörur og þjónusta <i>Miscellaneous goods and services</i>	19,7	747	22.862	55.020	55.388	57.853
Einkaneysla innanlands alls						
Households Final Consumption Exp. in the Domestic Market	267,8	9.156	203.135	379.105	391.581	416.256
Útgjöld Íslendinga erlendis <i>Direct purchases abroad by resident households</i>	7,4	293	16.635	36.400	33.257	39.871
Útgjöld útlendinga á Íslandi <i>Direct purchases in the domestic market by non-resident households</i>	-5,9	-123	-8.806	-22.881	-22.844	-24.411
Einkaneysla heimila alls						
Household Final Consumption Exp. of Resident Households	269,3	9.326	210.964	392.624	401.993	431.716
Starfsemi samtaka <i>Non-profit institutions serving households</i>	...	...	7.127	15.732	17.154	18.282
Einkaneysla alls Final Consumption Expenditure	269,3	9.326	218.091	408.356	419.148	449.998
Hlutfallsleg skipting, % Percentage breakdown						
Matur, drykkjarvara og tóbak <i>Food, beverages and tobacco</i>	30,8	24,6	26,5	23,0	23,7	22,1
Fatnaður <i>Clothing and footwear</i>	10,4	9,1	8,4	6,1	5,6	5,4
Húsnæði, ljós og hiti <i>Gross rent, fuel and power</i>	17,2	20,3	18,3	17,8	18,7	19,1
Húsgögn, húsbúnaður, heimilishald og heimilistæki <i>Furniture, furnishings and household equipment and operation</i>	10,7	12,6	8,0	7,5	7,3	7,2
Lyf og læknishjálp <i>Medical care and health expenses</i>	2,7	1,3	1,8	3,1	3,2	3,1
Flutningatæki og samgöngur <i>Transport and communication</i>	14,0	14,9	12,1	13,4	13,4	14,6
Tómstundaiðja, skemmtanir, menntun og menningarmál <i>Recreation, entertainment, education and culture</i>	6,3	7,4	10,3	11,7	11,7	11,5
Ýmsar vörur og þjónusta <i>Miscellaneous goods and services</i>	7,3	8,0	10,8	14,0	13,8	13,4
Einkaneysla innanlands alls						
Households Final Consumption Exp. in the Domestic Market	99,4	98,2	96,3	96,6	97,4	96,4
Útgjöld Íslendinga erlendis <i>Direct purchases abroad by resident households</i>	2,8	3,1	7,9	9,3	8,3	9,2
Útgjöld útlendinga á Íslandi <i>Direct purchases in the domestic market by non-resident households</i>	-2,2	-1,3	-4,2	-5,8	-5,7	-5,7
Einkaneysla heimila alls						
Household Final Consumption Exp. of Resident Households	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
Starfsemi samtaka ² <i>Non-profit institutions serving households²</i>	...	...	3,4	4,0	4,3	4,2
Einkaneysla alls Final Consumption Expenditure	100,0	100,0	103,4	104,0	104,3	104,2

¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary data.² Fram til ársins 1990 liggja ekki fyrir aðgreindar áætlanir um einkaneyslu samtaka. Prior to 1990 separate estimates on consumption of NPISHs are not available.

Tafla 4. Fjármunamyndun 2001–2003*Table 4. Gross fixed capital formation 2001–2003*

	Verðlag hvers árs, millj. kr. <i>Million ISK at current prices</i>			Magnbreyting frá fyrra ári, % ¹ <i>Volume changes on previous year, per cent¹</i>		
	2001	2002	2003 ²	2001	2002	2003 ²
Fjármunamyndun alls <i>Gross fixed capital formation, total</i>	165.471	145.567	172.430	-7,6	-15,1	17,6
Atvinnuvegir alls <i>Business sector investment</i>	100.189	78.414	97.858	-15,2	-22,7	26,1
Landbúnaður og skógrækt <i>Agriculture and forestry</i>	5.462	5.134	3.949	-19,5	-10,1	-26,5
Sjávarútvegur <i>Fishing and fish processing</i>	7.827	7.052	5.679	-18,3	-12,4	-14,7
Önnur matvælavinnsla <i>Other manufacture of food products and beverages</i>	2.628	1.486	2.154	-33,6	-30,4	33,6
Málmiðnaður <i>Manufacture of basic metals and of metal products</i>	4.446	1.863	2.718	-34,8	-58,2	51,4
Annar iðnaður <i>Other manufacturing</i>	4.572	5.266	4.658	-21,3	13,4	-9,2
Rafvirkjanir, raf-, hita- og vatnsveitur <i>Production and distribution of electricity and water</i>	16.421	15.786	25.372	15,6	-6,6	61,4
Byggingarstarfsemi <i>Construction</i>	7.294	7.601	8.314	-26,0	-17,3	42,4
Verslun <i>Wholesale and retail trade</i>	5.525	-892	4.506	22,5	-109,2	0,0
Hótel- og veitingahúsarekstur <i>Hotels and restaurants</i>	1.143	846	1.746	-57,0	-22,7	94,9
Samgöngur <i>Transport</i>	6.696	10.230	6.671	-38,1	53,6	-32,5
Fjaraskiptaþjónusta <i>Telecommunications</i>	5.014	3.056	7.030	-49,6	-36,8	130,4
Fjármálaþjón., váttryggingar og önnur fjármálastarfsemi <i>Financial intermediation and insurance</i>	2.250	3.763	2.463	90,9	68,9	-31,1
Fasteignaviðskipti, leigustarfsemi og tölvuþjónusta <i>Real estate activities and computer services</i>	13.896	6.753	9.519	40,7	-54,1	39,6
Rannsóknir og þróunarstarf <i>Research and development</i>	3.151	1.072	2.111	-44,2	-61,3	76,9
Önnur viðskipti og sérhæfð þjónusta <i>Other business activities</i>	7.294	2.287	5.157	-52,6	108,7	-47,3
Annað <i>Other n.e.c.</i>	6.570	7.113	5.812	0,2	5,4	-15,9
Íbúðarhús, alls <i>Residential construction</i>	33.226	37.426	44.911	17,8	5,2	13,3
Starfsemi hins opinbera <i>Public works and buildings</i>	32.055	29.726	29.660	-1,7	-12,2	-0,4
Vegir og brýr <i>Roads and bridges</i>	6.067	5.354	8.286	24,4	-17,8	49,8
Götur og holræsi <i>Streets and sewers</i>	5.107	6.225	5.222	-9,8	13,6	-18,8
Byggingar hins opinbera <i>Public buildings</i>	14.146	12.977	8.718	0,5	-14,5	-35,0
Önnur fjárfesting hins opinbera <i>Other public investment</i>	6.736	5.171	7.435	-15,4	-21,9	50,6
Atvinnuvegir alls, tegundaskipting						
Business sector investment, type of assets	100.189	78.414	97.858	-15,2	-22,7	26,1
Fólksbifreiðar <i>Motor vehicles for industrial use</i>	2.531	1.798	2.329	-34,3	-27,7	35,6
Skip og skipsbúnaður, flugvélar ofl. <i>Ships, aircrafts and pertaining equipments</i>	8.538	8.804	4.123	-40,6	5,0	-51,0
Verksmiðju-, iðnaðarvélar og tæki <i>Manufacturing machinery and equipments</i>	6.829	5.498	5.832	20,5	-26,1	11,1
Skrifst.áhöld og tæki <i>Office machinery and computers</i>	19.189	16.031	18.368	-8,5	-15,8	20,3
Vélar og tæki til jarðvegsvinnu og mannvirkjagerðar <i>Mach. tools for quarrying and construction</i>	14.393	10.253	13.364	-48,9	-27,5	36,5
Mannvirki <i>Construction</i>	43.879	33.257	50.958	0,8	-26,4	50,6
þ.a. byggingar <i>thereof buildings</i>	25.051	14.726	23.590	...	...	...
Annað <i>Other n.e.c.</i>	4.830	2.773	2.884	278,8	-45,0	9,9

¹ Magnbreytingar eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1997. *Volume changes are based on 1997 prices.*² Áætlun. *Estimated data.*

Tafla 5. Skipting landsframleiðslunnar á framleiðslupætti 1998–2003

Table 5. Cost components of Gross Domestic Product 1998–2003

Verðlag hvers árs, millj. kr. Million ISK at current prices	1998	1999	2000	2001 ¹	2002 ²	2003 ²
1. Verg landsframleiðsla Gross Domestic Product	569.263	609.580	662.616	744.187	779.295	810.844
2. Vörutengdir skattar Taxes on products	91.524	105.389	108.482	106.491	111.576	123.216
3. Vörutengdir styrkir Subsidies on products	8.077	8.653	9.644	9.268	9.796	9.527
4. Vinnsluvirði á grunnverði (4.=1.–2.+3.)						
Valus added, basic prices (4.=1.–2.+3.)	485.816	512.844	563.777	646.965	677.515	697.155
5. Aðrir skattar á framleiðslu Other taxes on production	14.293	15.111	18.314	18.552	19.438	21.466
6. Aðrir styrkir á framleiðslu Other subsidies on production	2.307	2.357	2.817	2.708	2.862	2.783
7. Vergar þáttatekjur (7.=4.–5.+6.–10.)						
Gross factor income (7.=4.–5.+6.–10.)	473.830	500.090	548.281	631.120	664.373	692.688
8. Laun og tengd gjöld Compensation of employees	309.047	346.094	380.234	422.887	454.603	475.970
9. Vergur rekstrarafgangur (9.=7.–8.)						
Operating surplus, gross (9.=7.–8.)	164.782	153.995	168.047	208.233	209.770	216.718
9.1 Bókfærðar afskriftir						
Consumption of fixed capital (business acc.)	82.357	95.494	105.926	114.259	...	...
9.2 Hreinn rekstrarafgangur Operating surplus, net	82.425	58.502	62.121	93.975	...	...
10. Mismunur uppgjörsaðferða ³ Statistical discrepancy ³	0	0	0	0	-3.435	-14.216

¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary data.² Áætlun. Estimated data.³ Mismunur ráðstöfunaruppgjörs og framleiðsluuppgjörs. The difference between output and expenditure approach of the gross domestic product.**Tafla 6. Magnvísitölur atvinnuvega og landsframleiðslunnar í heild 1998–2003**

Table 6. Gross Domestic Product by industries 1998–2003, volume indices

Magnvísitölur, 1990=100 Volume indices, 1990=100	1998	1999	2000	2001 ¹	2002 ²	2003 ²
Landbúnaður Agriculture	107,0	110,5	111,9	114,5	118,4	122,3
Fiskveiðar og fiskvinnsla Fishing and fish processing	93,8	91,2	90,3	92,4	95,6	97,1
Ál og kísiljárn Aluminium and ferro-silicon processing	159,4	185,1	197,7	213,0	236,1	235,1
Annar iðnaður Manufacturing, other	119,2	125,2	130,4	132,3	127,4	135,2
Rafmagns-, hita- og vatnsveitur Electricity and water supply	118,0	127,0	145,2	146,5	152,3	154,2
Byggingarstarfsemi Construction	124,0	127,5	131,2	135,8	115,5	129,9
Verslun, veitinga- og hótelrekstur						
Wholesale and retail trade, restaur. & hotels	126,0	136,8	145,4	142,2	140,1	151,5
Samgöngur og flutningar						
Transport, storage and communication	145,2	163,7	181,9	188,9	181,4	187,7
Önnur þjónusta Other private services	124,4	134,6	145,8	153,0	155,3	158,0
Starfsemi hins opinbera Producers of government services	126,7	131,2	132,2	139,3	145,0	149,8
Allar atvinnugreinar Total industries	121,2	128,1	134,4	138,6	138,4	144,0
Frádráttur: Reiknuð bankaþjónusta						
Less: Imputed bank service charges	119,3	126,2	133,6	136,1	136,1	136,1
Samtals Total	121,4	128,2	134,5	138,7	138,6	144,6
Breyting frá fyrra ári, %						
Percentage change from previous year, %	6,1	5,6	4,9	3,2	-0,1	4,3

Til samanburðar: Breyting skv. útgjaldauppgjöri, %

Memorandum: Change according to expenditure approach, %

¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary data.² Áætlun. Estimated data.

Tafla 7. Hlutfallsleg skipting landsframleiðslu eftir atvinnuvegum 1998–2002*Table 7. Gross Domestic Product by industries 1998–2002, percentage breakdown*

Hlutfallsleg skipting, % <i>Percentage breakdown</i>	1998	1999	2000	2001 ¹	2002 ²	2003 ²
Landbúnaður <i>Agriculture</i>	1,9	1,9	1,8	1,5	1,5	1,5
Fiskveiðar og fiskvinnsla <i>Fishing and fish processing</i>	11,9	10,7	9,8	12,2	11,7	9,7
Ál og kísiljárn <i>Aluminium and ferro-silicon processing</i>	1,3	1,0	1,5	1,4	1,2	1,2
Annar iðnaður <i>Manufacturing, other</i>	9,6	9,1	9,1	8,5	8,8	8,4
Rafmagns-, hita- og vatnsveitur <i>Electricity and water supply</i>	3,5	3,5	3,7	3,7	3,8	3,6
Byggingarstarfsemi <i>Construction</i>	8,3	8,1	8,3	8,3	7,1	8,2
Verslun, veitinga- og hótélrekstur <i>Wholesale and retail trade, restaur. & hotels</i>	14,4	14,5	14,2	12,3	11,4	11,8
Samgöngur og flutningar <i>Transport, storage and communication</i>	8,0	7,5	7,8	7,9	8,3	8,1
Önnur þjónusta <i>Other private services</i>	21,6	23,3	23,7	24,2	24,8	25,6
Starfsemi hins opinbera <i>Producers of government services</i>	19,5	20,3	20,0	20,0	21,4	22,0
Allar atvinnugreinar <i>Total industries</i>	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
Reiknuð bankaþjónusta <i>Imputed bank service charges</i>	-4,5	-5,4	-6,2	-6,6	-6,8	-6,9
Samtals <i>Total</i>	95,5	94,6	93,8	93,4	93,2	93,1
Mismunur uppgjörsaðferða ³ <i>Statistical discrepancy³</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	-0,5	-1,9
Landsframleiðsla á tekjuvirði <i>GDP at factor cost</i>	95,5	94,6	93,8	93,4	92,7	91,2
Skattar á framleiðslu og innflutning <i>Taxes on production and imports</i>	21,3	22,8	21,7	18,5	18,4	19,4
Styrkir <i>Subsidies</i>	2,1	2,1	2,1	1,8	1,8	1,7
Landsframleiðsla á markaðsvirði <i>GDP at market prices</i>	114,7	115,3	113,4	110,2	109,3	108,9
Landsframleiðsla á markaðsvirði, milljónir króna						
<i>GDP at market prices, million ISK</i>	569.263	609.580	662.616	744.187	779.295	810.844

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary data.*² Áætlun. *Estimated data.*³ Mismunur ráðstöfunaruppgjörs og framleiðsluuppgjörs. *The difference between output and expenditure approach of the gross domestic product.*

Tafla 8. Tekju-, gjalda- og fjárstreymisreikningar hins opinbera árin 1998–2003*Table 8. General government receipts, outlays and financial accounts 1998–2003*

	1998	1999	2000	2001	2002	2003 ¹
Verðlag hvers árs, millj. kr. Million ISK at current prices						
Rekstrartekjur Current revenue	242.873	278.613	301.125	328.464	351.972	373.191
Eignatekjur Property income	12.313	13.936	15.080	20.310	27.989	21.978
Skatttekjur Tax revenue	207.816	240.086	259.780	279.014	293.133	315.884
Skattar á framleiðslu og innfl. Taxes on prod. and imports	109.264	124.482	130.968	129.691	135.665	145.619
Skattar á tekjur og eignir Current taxes on income, wealth etc.	98.552	115.604	128.812	149.323	157.468	170.265
Aðrar tekjur Other nontax revenue	711	763	881	1.143	668	4.374
Sala á vöru og þjónustu Sales of goods and services	22.033	23.828	25.385	27.998	30.182	30.955
Rekstrarútgjöld Current expenditure	220.248	241.654	263.901	299.841	329.714	359.725
Rekstrarkostnaður Operating expenditure	149.785	166.258	183.319	204.654	229.051	244.582
Laun og tengd gjöld Wages	82.863	88.418	96.056	109.145	124.228	135.715
Afskriftir Consumption of fixed capital	11.875	12.586	13.487	14.520	15.965	16.791
Kaup á vöru og þjónustu Purchases of goods & services	55.047	65.254	73.777	80.989	88.858	92.076
Vaxtagjöld Interest payments	21.204	22.731	22.604	28.568	25.934	25.871
Framleiðslustyrkir Subsidies	9.153	9.991	10.816	12.844	13.703	13.293
Tekjutilfærslur Current transfers	40.106	42.673	47.161	53.775	61.026	75.979
Samneysla Government final consumption	127.752	142.430	157.934	176.656	198.869	213.627
Hreinn sparnaður Current Balance	22.625	36.959	37.224	28.623	22.259	13.466
Fastafjárútgjöld Capital balance	19.796	22.342	20.670	27.351	25.673	26.791
Verg fjármunamyndun Gross capital formation	23.619	26.099	25.806	32.018	31.265	30.039
Afskriftir (–) Consumption of fixed capital (–)	11.875	12.586	13.487	14.520	15.965	16.791
Fjármagnstilfærslur, hreinar Capital transfers, net	8.052	8.830	8.351	9.853	10.373	13.543
Tekjuafgangur / -halli Financial Balance	2.829	14.617	16.554	1.272	-3.414	-13.325
Kröfu- og hlutfjárútgjöld Net increase in claims	-8.313	135	9.071	48.118	...	...
Veitt lán, nettó Lending minus repayments	-3.660	2.594	-3.330	15.514	...	...
Veitt lán Total lending	11.207	12.764	6.973	24.598	...	...
Afborganir Total repayments	14.866	10.169	10.303	9.084	...	...
Eiginfjárframlög Change in equity holdings	-6.011	-16.725	3.912	1.916	...	...
Skammtíma kröfur og viðskiptakröfur Other claims	1.357	14.266	8.489	30.688	...	...
Hrein lánsfjárför Net borrowing requirement	-11.141	-14.685	-7.801	47.011	...	...
Tekin lán, nettó Net borrowing	-4.357	-12.397	-6.622	47.257	...	...
Tekin lán Total borrowing	37.396	29.777	42.133	82.595	...	...
Afborganir Total repayments	41.753	42.174	48.755	35.337	...	...
Breyting á handbæru fê Changes in cash and bank deposits	-6.784	-2.288	-1.179	-246	...	...
Hlutfall af landsframleiðslu, % Percent of GDP						
Rekstrartekjur Current revenue	42,7	45,7	45,4	44,1	45,2	46,0
Skatttekjur Tax revenue	36,5	39,4	39,2	37,5	37,6	39,0
Rekstrarútgjöld Current expenditure	38,7	39,6	39,8	40,3	42,3	44,4
Samneysla Government final consumption	22,4	23,4	23,8	23,7	25,5	26,3
Tekjuafgangur / -halli Financial Balance	0,5	2,4	2,5	0,2	-0,4	-1,6

¹ Áætlun. Estimated data.

Hagtiðindi **Þjóðhagsreikningar**
Statistical Series **National accounts**

89. árgangur nr. 48

2004:5

ISSN 0019-1078

ISSN 1670-4657 (pappir *paper*) • ISSN 1670-4665 (pdf)

Verð ISK 500 *Price EUR 6*

Umsjón *Supervision* Gamaliel Sveinsson • gamaliel.sveinsson@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlega getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series